

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

13. fundur ráðsins haldinn

Þriðjudaginn 14. mars 2006 kl. 13:30 – 16:30

í Ráðhúsinu í Stykkishólmi

Fundurinn var boðaður til að kynna niðurstöður Stan Rodgers eftir úttekt hans á Snæfellsnesi. Á fundinn mættu auk fulltrúa í Framkvæmdaráðinu þær Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðar og Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri Stykkishólms. Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar var forfallaður, en stefndi að því að hitta Stan Rodgers í Reykjavík eða á leiðinni vestur.

Á fundinn mættu:

Guðrún Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar hotel@hellnar.is,

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, robert@nsv.is,

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls gudbjorg@ust.is,

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar finsen@soffi.is,

Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir fulltrúi Grundarfjarðarbæjar hotel-framnes@framnes.is

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar hildibrandur@simnet.is

Þórunn Sigþórsdóttir, umhverfisfulltrúi thorunn@nsv.is

Dagskrá fundar:

1. Kynning á því sem Stan Rodgers sá við úttekt
2. Kynning á því sem þarfnast úrbóta til að fá úttekt
3. Leiðbeiningar hans til sveitarfélaganna
4. Önnur mál

Guðrún setti fundinn og kynnti Stan Rodgers sem hóf strax kynningu sína.

Stan fór yfir matslistann og benti á bæði hvað hann hefði séð og hvar úrbóta væri þörf. Sjá nánar skýrslu sem Guðrún vann eftir úttektina. Nokkur umræða spannst um öryggismál og aðra þætti sem ekki var fullur skilningur á og skýrði Stan allt vel og skilmerkilega.

Úrbætur snúa margar að betra skráningarkerfi heimilda, undirritun allra fundargerða, skráningu á fundum og samþykktum o.s.frv. jafnframt þarf að endurgera stefnu sveitarfélaganna og raða henni upp eftir þeim 12 meginþáttum sem Green Globe leggur áherslu á í vottunarkerfi sínu. Í framhaldi af því munu aðrir þættir væntanlega falla í farveg.

Stan ræddi um ýmsar leiðbeiningar og benti á mikilvægi þess að gera breytingar og jafnframt á þann hag sem sveitarfélögin munu hafa af því.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir á fundinum.

Fundarritari
Þórunn Sigþórsdóttir